

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 16. apríl 2019
UST201903-260/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Skálpanes – fjallasel - Bláskóbabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskóbabyggðar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallaselið Skálpanes í Bláskóbabyggð.

Í greinargerð kemur fram að í fjallaselinu Skálpanesi (nr. AF19) sé gert er ráð fyrir að viðhalda núverandi mannvirkjum, en þar er aðstaða fyrir ferðamenn við Langjökul, s.s. vegna jeppa- og vélsleðaferða ásamt veitingasölu. Auk þess kemur fram að engin gisting er á staðnum.

Umhverfisvernd

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að byggja upp innviði svæðisins og setja umgengisreglur til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki t.d. með afmörkun bílastæða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í tillöggunni sé gert ráð fyrir að umferð ferðamanna á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni.

Umhverfisskýrsla

Að mati Umhverfisstofnunar er umhverfisskýrsla tillögunnar eins og hún er kynnt í lýsingu vera til fyrrmyndar.

Stofnunin telur ofangreinda lýsingu gera fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur